

FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2001-04

Fundartími: Föstudagur 7. september 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Skipan nefndarinnar.
2. Störf raforkuhóps.
3. Raforkunotkun á fyrri hluta ársins.
4. Notkunarflokkar raforku og afgangn ársins 2000.
5. Störf jarðvarmahóps.
6. Störf eldsneytishóps.
7. Almennar forsendur orkuspáa.
8. Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Porkell Helgason
Magnús Magnússon
Jóhann Már Maríusson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

Fasteignamar ríkisins:

Haukur Ingibergsson

1. ÞH bauð Hauk Ingibergsson velkominn og sagði að nefndin vildi gjarnan hafa fulltrúa frá húsnæðisgeiranum þar sem orkunotkun til húshitunar væri mjög stór þáttur í orkunotkun landsmanna. Þetta hefði einnig verið rætt við Íbúðalánasjóð og hefðu þeir talið eðlilegra að Fasteignamatíð kæmi inn í þetta starf. HI sagði að Fasteignamatíð væri vissulega með miklar upplýsingar um

húsnæði og gera mætt ráð fyrir að auknar upplýsingar um það mundu færast á rafrænt form á næstu árum. HI sagði að Fasteignamatíð væri tilbúið að taka þátt í þessu starfi og var Haukur boðinn velkominn og var JV falið að tilkynna Íbúðalánasjóði um það.

2. JV fjallaði um störf raforkuhóps. Raforkuhópurinn hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman og var þar verið að undirbúa endurreikning á raforkuspánni.
3. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 2,5% á fyrri hluta ársins. Flutningstöp hafa aukist um 11,4% og eigin notkun Landsvirkjunar hefur minnkað um 14,8%. Stórnotkun vex um 3,3% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 0,5%. Sala á ótryggðri orku minnkar um 1,0%. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en annar ársfjórðungur var hlýrri en á síðasta ári eða 6,4°C í stað 5,8°C. Aukning notkunar er meiri eftir hitastigsleiðréttingu og þar að auki kemur leiðrétting á árinu 2000 vegna hlaupárs. Leiðrétt notkun almennrar forgangsortku eykst um 1,8% á fyrsta ársfjórðung ársins. JV sagði að þetta væri minni aukning en á síðasta ári og spurning er hvort hin mikla aukning sem verið hefur að undanförunu sé gengin yfir.
4. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokkka frá öllum veitum og dreifði hann töflu sem hefur verið í viðauka í raforkuspánni. Hann benti á lítil töp hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur og sagði að ný sölukerfi hefðu gert veitunum erfitt um að skila inn þessum gögnum. JV dreifði einnig töflum um þróun notkunar eftir flokkum frá 1992 og benti á þá flokka þar sem mestar breytingar hafa átt sér stað. Einnig fór hann yfir tölur um afl í raforkukerfinu á síðasta ári. Nokkur umræða var um umframafli á mesta álagstíma en þá var ein vél í Búrfelli úti en uppsett afl fyrir utan varastöðvar er um 15% umfram mesta álag. HI benti á að þessar upplýsingar ættu erindi til almennings og hvort nefndin vildi ekki senda frá sér almenna frétt um raforkunotkun. ÞH og JV var falið að athuga það.
5. ÁR sagði að jarðvarmahópurinn hefði ekki komið saman frá síðasta fundi. Hann sagði að erfiðlega hefði gengið að fá gögn frá hitaveitunum en Orkustofnun sendir árlega út eyðublað til veitnanna. Nú eru 35 veitur búnar að skila en 6 eiga eftir þar á með Orkuveita Reykjavíkur. Þessum gögnum væri ekki lengur dreift á aðalfundi Samorku og því lítið sem ýtti við veitunum. JV var falið að ræða við Eirík Bogason og athuga með að send Samorku bréf um þetta mál. ÁR sagði að vinnu við jarðvarmaspá hefði lítið miðað áfram en hann hefði ætlað að taka saman gögn fyrir spána í sumar en þau væru ekki tilbúin. Hann vonaðist til að geta gengið frá þessum gögnum á næstunni.
6. JV dreifði skýrslu um eldsneytisspá og sagði að kynning á henni hefði tekist vel.
7. JV sagði að á næstunni þyrfti að ganga frá almennu forsendum ársins vegna endurreiknings raforkuspár. Búið væri að ganga frá þeim hluta sem snéri að

eldsneytisspánni og væru þeir kaflar komnir á netið. Laga þarf þó tölur um hagvöxt þegar þjóðhagsspá kemur út. Hann spurði hvort menn teldu að það væru einhver sérstök atriði sem breyta þyrfti. Rætt var um fólksfjöldatölur og nýlega frétt frá Þjóðhagsstofnun um fólksflutninga þar sem fram kemur að flutningar erlendra ríkisborgara til landsins voru miklir á síðasta ári. JMM benti á að tækjæign á heimilum hefði farið vaxandi svo sem sjónvörp. JV sagði að tekið væri tillit til að Smáralind væri að koma í rekstur.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 9. nóvember kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2001, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrri helmingur ársins. (JV)
- Orkusala rafveitna árið 2000 eftir notkunarflokkum. (JV)
- Raforkunotkun á Íslandi 1992-2000. (JV)
- "Eldsneytisspá 2001-2030. (JV)